



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2014

Umsögn 78. mál, flutningur Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn samtakanna um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.

Samtökin hafa skorað á stjórnvöld, með samtökum sjómanna að efla starfsemi Landhelgisgæslunnar þannig að hún fái sinnt því eftirlits- og öryggishlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum. Landhelgisgæslunni er ætlað að sinna mjög víðfeðmu hafsvæði og hún gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir íslenska sjómenn. Upp geta komið tilvik eða aðstæður, þar sem tími til björgunar er svo naumur að þyrla er eina tækið sem sjómenn geta treyst á. Í þessu samhengi er mikilvægt að minna á að veikja ekki það mikilvæga starf sem unnið er á vegum Samhæfingarmiðstöðvar almannavarna og Stjórnstöð leitar og björgunar í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð.

Verði flutningurinn til þess að treysta og styrkja starfsemi Landhelgisgæslunnar og þá sérstaklega þyrlusveit hennar þá gerum við ekki athugasemdir við staðsetningu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.

